

15. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn á Kjarval

föstudaginn 15. mars 2024, kl. 08.30-10.00

Fundinn sátu:

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson (TEAMS), Eva Josteinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Elísabet Sveinsdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 9.febrúar 2024

Undirrituð og samþykkt.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur.

Dagskrá fundarins var breytt og ekki farið yfir yfirlit yfir stöðu og rekstur sérstaklega en frkvstj. fór stuttlega yfir eftirfarandi í lok fundar:

Þátttaka í HITTUMST gæti verið betri á þessum tímapunkti.

Hagaðila fundur um áfngastaðinn Hallgrímskirkju áætlaður í maí.

Gestgjafinn Reykjavík- ekki verður úr verkefninu.

3. Samningur við Íslandsstofu

Farið var yfir samninginn sem gerður var við Íslandsstofu til eins árs.

Frkvstj. mun vinna að því á árinu ásamt Markaðsstofum landshlutanna og Íslandsstofu að tryggja fé í erlenda markaðssetningu frá stjórnvöldum til næstu ára.

4. Samningur um Reykjavík City Card.

Samningurinn var lagður fram til umræðu og mögulegrar samþykktar. Ákveðið var að samþykja ekki samninginn og óskað eftir því að frekari viðræður yrði við Reykjavíkurborg um fyrirkomulag á framkvæmd, upplýsingagjöf og umsýslu þess.

5. Þróun áfangastaða

Fyrstu verkefni um þróun áfangastaða eru að fara af stað í takti við starfsáætlun stofunnar og hlutverk hennar sem áfangastaðastofa.

a) *Álafosskvos*: farið yfir fyrirkomulag á verkefninu og var almenn ánægja með það og gæti verið fyrirmynd af fleiri verkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnishugmyndin kom eftir heimsókn í sveitarfélagið þar sem rætt var um þróun og hvernig áfangastaðir verða til.

b) *Skemmtiferðaskip – stefna og þolmörk*:

Reykjavíkurbog og Faxaflóahafnir hafa óskað eftir því að stofan að taka að sér framkvæmd á verkefni er snýr að því að vinna að sameiginlegu stefnuskjali helstu hagaðila um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík. Verkefnið er þróunarverkefni og er í samræmi við C. 7 lið í aðgerðaráætlun stjórnvalda um samstarf um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða. Þar sem markmiðið er að móttaka skemmtiferðaskipa skapi verðmæti í sátt við samfélag og náttúru. Þar er horft til þess að sveitarfélögin marki sér stefnu í samtali við hagaðila og áfangastaðastofur séu framkvæmdaraðili að slíkum verkefnum.

6. Ferðamálaþing & aðalfundur

Ferðamálaþing verður haldið þriðjudaginn 22. október. Áætlað að dagurinn byrji á aðalfundi, svo Ferðamálaþing og síðan uppskeruhátíð.

7. Önnur mál

Leigusali hefur sagt upp leigusamningi við stofuna frá 1. apríl með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Ákveðið að fara í að leita að nýju húsnæði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.00.